



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 26. júní 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins og hófst kl. 17:00

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Ragnar Már Björnsson varamaður fyrir Péturínu Laufey Jakobsdóttur og Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála. Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri boðaði forföll.

### Dagskrá:

- 1. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit jan-maí 2024 og framkvæmdayfirlit**  
Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-maí 2024 og framkvæmdayfirlit sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði.
- 2. Skýrsla sveitarstjóra**  
Þessum dagskrárlið var frestað.
- 3. Leikskólinn Barnaból – beiðni um óbreytt stöðugildi 2024-2025**  
Fyrir fundinum lá umsókn leikskólastjóra Barnabóls um óbreytt starfshlutfall á leikskóla vegna stuðnings fyrir nemendur skólaárið 2024-2025.  
Jafnframt lá fyrir álit fræðslustjóra A. Hún.  
Sveitarstjórn samþykkir framkomna ósk samhljóða með 5 atkvæðum og vísar jafnframt kostnaði til gerðar viðauka við fjárhagsáætlunar 2024 og gerðar fjárhagsáætlunar 2025.
- 4. Menntastefna**  
Lögð fram til umfjöllunar drög að menntastefnu fyrir sveitarfélagið Skagaströnd.  
Sveitarstjórn samþykkir að vísa menntastefnunni til umfjöllunar í fræðslunefnd.
- 5. Gjaldskrárbreytingar**  
Á fundi sveitarstjórnar 21. mars 2024 var fjallað um stuðning við kjarasamningagerð á almennum markaði. Sveitarstjórn fagnaði því að aðilar á vinnumarkaði hafi sameinast um skynsamlega langtíma kjarasamninga með áherslu á minni verðbólgu, lægri vexti, aukinn fyrirsjáanleika og þar með að skapa skilyrði fyrir stöðugleika í íslensku efnahagslífi.  
Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024 ákvað sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar að gjaldskrár myndu hækka minna en spár um þróun verðlags gerðu ráð fyrir. Nú þegar býður sveitarfélagið börnum leikskólaláss strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Einnig tók sveitarstjórn þá ákvörðun að hækka dagvistunargjöld leikskólabarna eingöngu um 1% milli ára.  
Sveitarstjórn lýsti þá yfir vilja til að taka þátt í þessari vegferð með því m.a. að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Höfðaskóla frá haustinu 2024 og vinna að öðrum þáttum samninganna sem snúa að sveitarfélögunum.  
Fyrir liggur tillaga um að gjaldskrár grunnskóla og bókasafns verða teknar upp fyrir árið 2024



og þeir liðir er sérstaklega varða barnafjölskyldur hækkaðir um 3,5% frá árinu 2023 í stað 5,6% og taki breytingin gildi þann 1. júlí nk.

Þess utan verður gjald fyrir skólamáltíðir afnumið frá hausti og 1% hækkun leikskólagjalda milli ára verður óbreytt. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar er varða árskort breytast þann 1. júlí um 3,5% frá árinu 2023.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu samhljóða með 5 atkvæðum.

## 6. Vinnuskóli

Fyrir fundinum lá tillaga að launataxta fyrir Vinnuskóla sveitarfélagsins vegna 2024

14 ára 30% af lfl. 118-1 959 m/orlofi ( var 902 m/orlofi – hækkun um 6,3%)

15 ára 40% af lfl. 118-1 1.279 m/orlofi ( var 1.203 m/orlofi – hækkun um 6,3%)

16 ára 50% af lfl. 118-1 1.598 m/orlofi ( var 1.504 m/orlofi – hækkun um 6,3%)

Flokkstjóri vinnuskóla 127 = 493.659 Dv 3.036,00 Yv 5.126,65 + 13,04% orlof til viðbótar.

Sumarstarfsmaður 118-1 = 459.851 Dv 2.828,08 Yv 4.775,55 + 13,04% orlof til viðbótar.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu samhljóða með 5 atkvæðum.

## 7. Höfðaskóli

### a. Ávaxtastund

Í minnisblaði frá skólastjóra Höfðaskóla hefur ávaxtastund verið þrisvar í viku, það sem af er ári í stað þess að vera einu sinni. Mikil ánægja er með stundinar bæði hjá nemendum og starfsfólki og vilji til að fjölga þessum stundum í fimm, þ.e. að nemendur fái alltaf ávexti í nestistímum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að taka upp ávaxtastund 5 sinnum í viku.

### b. Styrkir til tölvukaupa

Undanfarin ár hefur sveitarfélagið styrkt foreldra/nemendur í 8 bekk til kaupa á spjaldtölvum sem nemendur nota jafnframt sem kennslutæki í Höfðaskóla og umræða hefur verið um það hvort breyta eigi þessu fyrirkomulagi í þá veru að í stað styrks sjái skólinn nemendum fyrir tækjum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að breyta fyrirkomulagi á þann hátt að hætta að veita styrk til foreldra/nemenda en þess í stað útvegi Höfðaskóli nemendum spjaldtölvur.

### c. Viðhaldsáætlun

Lagt fram minnisblað Þórðar Gunnarssonar hjá Stoð ehf., dagsett 15. maí 2024 um tillögur að úrbótum sem fram koma í eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits við aðstöðu Höfðaskóla.

Í minnisblaði kemur m.a. fram að viðhaldi hefur verið sinnt reglulegu á eldra húsnæði. Þó kemur í ljós að sumir byggingarhlutar hússins hafa ekki hlotið það viðhald þegar á þurfti og hefur þar af leiðandi orsakað skemmdir sem verður að bæta úr ef ekki á að fara verr. Almenn er húsnæði í þökkalegu ástandi að sjá þegar gengið er um það, en þegar skoðað er nánar er það augljóst að fyrirliggjandi er mikið viðhald til að koma húsnæði í það stand sem það þarf að vera í miðað við starfsemi.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa minnisblaði til frekari umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar 2025.



## 8. Menningar- og tómstundafulltrúi

Tekin til umfjöllunar tillaga um nýtt starf menningar- og tómstundafulltrúa samhliða skipulagsbreytingum vegna starfsemi tómstundastarfs aldraðra og félagsmiðstöðvarinnar Undirheima. Verkefni menningar- og tómstundafulltrúa yrði umsjón með félagsmiðstöðinni Undirheimum, umsjón með tómstundastarfi aldraðra, yrði tengiliður sveitarfélagsins við félagasamtök sem eru með skipulagða íþrótta- og tómstundastarfsemi í sveitarfélaginu, ynni í nánú samstarfi við stjórnendur grunnskóla og íþróttamiðstöðvar, hefði umsjón með ungmennaráði. Einnig hefði starfsmaður aðkomu að verkefni um barnvæn sveitarfélög, yrði tengiliður og umsjónaraðili með verkefninu Heilsuefandi samfélag og kæmi að undirbúningi viðburða á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum þær skipulagsbreytingar sem voru til umfjöllunar og felur starfandi sveitarstjóra að vinna málið áfram.

## 9. Skurðgerð – yfirborðsvatn ofan þéttbýlis

Lagt fram minnisblað Atla Gunnars Arnóssonar hjá Stoð ehf verkfræðistofu, dagsett 13. maí 2024 um yfirborðsvatn norðan byggðar á Skagaströnd og aðgerðir vegna flóðahættu á svæðinu. Gerð hefur verið verðkönnun á kostnaði við að grafa nýjan ofanvatnsskurð frá Hólabergi og til norðurs út í læk sem rennur til sjávar norðan Sólvangs. Um er að ræða fyrstu aðgerð af nokkrum samkvæmt minnisblaðinu, til að minnka hættu sem stafar af flóðum frá leysingavatni frá norðanverðri byggðinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að fela starfandi sveitarstjóra að ganga til samninga við verktaka samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar í gerð nýs skurðar.

Jafnframt er ákvörðun vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

## 10. Grenndarkynning – Ránarbraut 2-8

Á fundi sveitarstjórnar 10. maí 2024 var samþykkt byggingarleyfi fyrir Ránarbraut 2a-d og breytt notkun á lóðunum að Ránarbraut 2-8 að undangenginni grenndarkynningu.

Byggingafulltrúi hefur yfirfarið þær ábendingar og athugasemdir sem bárust í tengslum við grenndarkynninguna. Krafa um bílastæði á lóðunum er fyllilega uppfyllt. Byggingarfulltrúi leggur til að kvöð verði sett í lóðarleigusamninga við Ránarbraut 4 og 6 um yfirferðarrétt, til að hægt verði að sinna viðhaldi á mannvirkjum á lóðunum að Bogabraut 11 og 13 og til að komast á lóð nr. 13.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum breytta notkun á lóðunum að Ránarbraut 2-8.

## 11. Byggingarleyfi - Hólabergslóðir

Á fundi Hafnar- og skipulagsnefndar 22. maí 2023 var Maciej Bauer úthlutað lóðunum að Hólabergi 6-10 til byggingar á frístundahúsum. Beiðni liggur fyrir frá Maciej Bauer um endurnýjun úthlutunar lóða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að endurúthluta lóðunum að Hólabergi 6-10 til 6 mánaða.

## 12. Rotþróarlosun í dreifbýli á Norðurlandi vestra

Lagt fram erindi frá sveitarfélaginu Skagafirði, dagsett 5. júní 2024, þar sem kannað er hvort áhugi sé um samstarf um útboð á rotþróarlosun í dreifbýli á Norðurlandi vestra. Fram kemur að Húnaþing og Húnaþing vestra hafi lýst yfir áhuga á málinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að taka þátt í samstarfi um útboð á rotþróarlosun í dreifbýli á Norðurlandi vestra.



**13. Dreifnám í Húnavatnssýslum**

Lagt fram minnisblað stýrihóps sem skipaður var sveitarstjórnarfulltrúum í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra, ásamt sviðsstjóra fjölskyldusviðs í Húnaþingi vestra og fræðslustjóra í Austur Húnavatnssýslu, um stöðu dreifnáms og hvaða leiðir eru til styrkingar, dagsett 23. maí 2024.

Dreifnám hefur lítið sem ekkert verið nýtt af nemendum frá Skagaströnd. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að taka þátt sem fyrir í kostnaði við dreifnám í gegnum byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu A-Hún. sé vilji til að viðhalda þeirri menntunarleið.

**14. Rarik – lagning jarðstrengja**

Tekið fyrir erindi Rarik vegna beiðni um lagningu jarðstrengja um land Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum erindi Rarik ohf. um legu jarðstrengja í landi sveitarfélagsins sem eru samkvæmt uppdraetti 2024.0025.0023 af strengleiðinni.

**15. Ámundakinn - boðun aðalfundar**

Boðað er til aðalfundar Ámundakinnar ehf 28. júní 2024 á Blönduósi. Fulltrúi sveitarfélagsins verður Halldór Gunnar Ólafsson.

**16. Land og skógur - skógræktargirðing**

Lagðar fram til kynningar upplýsingar frá Landi og skógum um stöðu framkvæmda ofan þéttbýlis á Skagaströnd í hlíðum Spákonufells. Skógræktargirðing er orðin fjárheld og leyfi hefur verið veitt til að fjarlægja þá gömlu sem liggur samhliða henni. Eftir er hluti girðingar sem er utan skógræktarhólsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að fela starfandi sveitarstjóra að meta kostnað við að fjarlægja þann hluta girðingar.

**17. SSNV – Svæðisskipan - farsældarráð**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra dagsett 4. júní 2024 um stofnun farsældarráða í hverjum landshluta, sem byggir á tillögu að útfærslu frá ráðuneyti mennta- og barnamála.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að veita Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra umboð til þess að gera viðaukasamning undir merkjum Sóknaráætlunar við mennta- og barnamálaráðuneyti um samstarf um útfærslu á Farsældarráði Norðurlands vestra.

**18. Ársreikningur Tónlistarskóla A-Hún. 2023**

Lagður fram til kynningar ársreikningur 2023.

**19. Markaðsstofa Norðurlands**

Lagt fram erindi frá Markaðsstofu Norðurlands vegna Flugklasans Air 66N dagsett 13. júní 2024, þar sem fram kemur samantekt af fundum með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi og mögulegt framhald á verkefnum Flugklasans. Óskað er eftir því að sveitarstjórnir taki málið til umfjöllunar og ræði hvort styðja eigi verkefnið og hvaða sviðsmynd sem sett er fram í erindinu hugnist þeim best.

Samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum að fjárfesta ekki að svo stöddu í þessu verkefni.



## 20. Jafnréttisstofa – fæðingarorlof og inntaka barna í leikskóla

Lagt fram til kynningar bréf Jafnréttisstofu dagsett 19. júní 2024, þar sem lögð er áhersla á ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga til að brúa bilið sem myndast þegar foreldrar hafa fullnýtt fæðingarorlofsrétt sinn og þangað til barn fær dvöl á leikskóla.

Sveitarstjórn telur að núverandi þjónustuframboð uppfylli þessi skilyrði nú þegar.

## 21. Fundargerðir:

### a. Fræðslunefnd 22. maí 2024

Fundargerð samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

### b. Heimilisiðnaðarsafnið ársfundur 29. apríl 2024

Fundargerðir ársfundar og stjórnarfundar lagðar fram til kynningar

### c. Náttúrustofa Norðurlands vestra stjórnarfundur 28. maí 2024

Fundargerð og ársreikningur lögð fram til kynningar.

### d. Félags- og skólaþjónusta A-Hún. 19. júní 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Liður 2. í fundargerð um samkomulag um innleiðingu á lögum um samþættingu í þjónustu farsældar í Austur Húnavatnssýslu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

### e. Aðalfundur og ársreikningur Nes listamiðstöðvar 22. maí 2024

Fundargerð og ársreikningur lögð fram til kynningar.

### f. Fundur samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 30. maí 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### g. Landskerfi bókasafna aðalfundur 7. maí 2024

Fundargerð aðalfundar Landskerfis bókasafna og skýrsla stjórnar lagðar fram til kynningar.

### h. Stjórn SSSNV nr. 107, 7. maí 2024, nr. 108 23. maí 2024 og nr. 109 4. júní 2024

Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 107, 108 og 109 lagðar fram til kynningar.

### i. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 948 31. maí 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 948

## 22. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:35

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ragnar Már Björnsson

Arnór Tumi Finnsson